**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 158/2002**

**frá 6. desember 2002**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2002 frá 27. september 2002 ([1]).

2) Tilskipun ráðsins 98/95/EB frá 14. desember 1998 um breytingu, að því er varðar sameiningu innri markaðarins, erfðabreytt plöntuafbrigði og erfðaauðlindir plantna, á tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 69/208/EBE, 70/457/EBE og 70/458/EBE um markaðssetningu sykurrófufræja, fóðurjurtafræja, sáðkorns, útsæðiskartaflna, olíu- og trefjajurtafræja og matjurtafræja og um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði ([2]), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 126, 20.5.1999, bls. 23, Stjtíð. EB 161, 16.6.2001, bls. 47 og Stjtíð. EB L 82, 26.3.2002, bls. 20, skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun ráðsins 98/96/EB frá 14. desember 1998 um breytingu, m.a., að því er varðar ópinberar akurskoðanir samkvæmt tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 69/208/EBE, 70/457/EBE og 70/458/EBE um markaðssetningu sykurrófufræja, fóðurjurtafræja, sáðkorns, útsæðiskartaflna, olíu- og trefjajurtafræja og matjurtafræja og um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði ([3]), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 161, 16.6.2001, bls. 48, skal felld inn í samninginn.

4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000 frá 4. maí 2000 um setningu framkvæmdarákvæða um hvort nafngiftir eigi við um afbrigði af tegundum nytjajurta í landbúnaði og tegundum matjurta ([4]) skal felld inn í samninginn.

---

([1]) Stjtíð. EB L 336, 12.12.2002, bls. 19 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 61, 12.12.2002, bls. 15.
([2]) Stjtíð. EB L 25, 1.2.1999, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27.
([4]) Stjtíð. EB L 108, 5.5.2000, bls. 3.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á III. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Í 1. hluta bætast eftirfarandi undirliðir í 1. lið (tilskipun ráðsins 66/400/EBE), 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 66/402/EBE) og 4. lið (tilskipun ráðsins 69/208/EBE):

„- **398 L 0095**: Tilskipun ráðsins 98/95/EB frá 14. desember 1998 (Stjtíð. EB L 25, 1.2.1999, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 126, 20.5.1999, bls. 23, Stjtíð. EB L 161, 16.6.2001, bls. 47 og Stjtíð EB L 82, 26.3.2002, bls. 20,

- **398 L 0096**: Tilskipun ráðsins 98/96/EB frá 14. desember 1998 (Stjtíð. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 161, 16.6.2001, bls. 48.“

2. Í 1. hluta bætist eftirfarandi við á undan aðlögunartextanum í 5. lið (tilskipun ráðsins 70/457/EBE):

„- **398 L 0095**: Tilskipun ráðsins 98/95/EB frá 14. desember 1998 (Stjtíð. EB L 25, 1.2.1999, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 126, 20.5.1999, bls. 23, Stjtíð. EB L 161, 16.6.2001, bls. 47 og Stjtíð EB L 82, 26.3.2002, bls. 20,

- **398 L 0096**: Tilskipun ráðsins 98/96/EB frá 14. desember 1998 (Stjtíð. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 161, 16.6.2001, bls. 48.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilvísanir til annarra gerða í tilskipuninni teljast skipta máli að svo miklu leyti og í því formi sem þær hafa verið felldar inn í samninginn.“

3. Í 1. hluta bætist eftirfarandi við í 6. lið (tilskipun ráðsins 70/458/EBE):

„- **398 L 0095**: Tilskipun ráðsins 98/95/EB frá 14. desember 1998 (Stjtíð. EB L 25, 1.2.1999, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 126, 20.5.1999, bls. 23, Stjtíð. EB L 161, 16.6.2001, bls. 47 og Stjtíð EB L 82, 26.3.2002, bls. 20,

- **398 L 0096**: Tilskipun ráðsins 98/96/EB frá 14. desember 1998 (Stjtíð. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 161, 16.6.2001, bls. 48.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilvísanir til annarra gerða í tilskipuninni teljast skipta máli að svo miklu leyti og í því formi sem þær hafa verið felldar inn í samninginn.“

4. Í 2. hluta komi eftirfarandi liður á eftir 17. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/98/EB):

„18. **32000 R 0930**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000 frá 4. maí 2000 um setningu framkvæmdarákvæða um hvort nafngiftir eigi við um afbrigði af tegundum nytjajurta í landbúnaði og tegundum matjurta (Stjtíð. EB L 108, 5.5.2000, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilvísanir til annarra gerða í reglugerðinni teljast skipta máli að svo miklu leyti og í því formi sem þær hafa verið felldar inn í samninginn.“

*2. gr.*

Texti tilskipunar 98/95/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 126, 20.5.1999, bls. 23, Stjtíð. EB L 161, 16.6.2001, bls. 47 og Stjtíð. EB L 82, 26.3.2002, bls. 20 og tilskipunar 98/96/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 161 16.6.2001, bls. 48 og reglugerðar (EB) nr. 930/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes* *M. Brinkmann*